



Selfossi 23.september 2021

## Fundargerð stjórnar

\*\*\*\*\*

**19. fundur stjórnar *Brunavarna Árnessýslu* haldinn fimmtudaginn 23. september 2021, kl. 8.15 í Björgunarmiðstöðinni á Selfossi.**

Mætt: Eyþór H. Ólafsson, formaður, Gísli Halldór Halldórsson, Halldóra Hjörleifsdóttir, Arna Ír Gunnarsdóttir, Ingibjörg Harðardóttir, Pétur Pétursson, Sverrir Haukur Grönli og Unna Björg Ögmundsdóttir sem ritaði fundargerð.

**Formaður bauð fundarmenn velkomna og setti fund kl. 8.15.**

### **1. Húsnæðismál á Flúðum og Laugarvatni**

Umræður um húsnæðismál á Flúðum og Laugarvatni. Halda þarf áfram að vinna að lausnum í þessum húsnæðismálum.

### **2. 8 mánaða uppgjör**

Pétur kynnti 8 mánaða stöðu miðað við fjárhagsáætlun. Staðan er góð og í samræmi við áætlun.

### **3. Fjárhagsáætlun 2022**

Pétur kynnti fyrstu drög að fjárhagsáætlun fyrir árið 2022. Umræður um einstaka liði, s.s. starfsmannamál og körfubíl.

### **4. Bilun í körfubíl**

Pétur sagði frá því að körfubíll BÁ sé á undanþágu hjá Vinnueftirlitinu vegna bilunar og taka þurfi ákvörðun um hvort eigi að ráðast í kostnaðarsamar viðgerðir á bílum eða leggja hann af þegar nýi stigabíllinn kemur í kring um áramót. Ákveðið að endurmetsa stöðuna þegar nýr stigabíll kemur.

### **5. Vinna vegna breytingar á orðalagi í reglugerð nr 747/2018**

Pétur sagði frá þeiri vinnu sem í gangi er vegna breytinga á orðalagi í reglugerð nr 747 frá 2018 þar sem talað er um „fast skipulag“ í mönnun hlutastarfandi slökkviliða og ætti að koma til framkvæmda í byrjun næsta árs. Fast skipulag myndi kosta BÁ um 408 milljónir á ári í viðbótarlaunagreiðslum ef orðalagi verður ekki breytt. Vinnan er langt á veg komin en breytingarnar hafa ekki verið samþykktar. Orðalagið mun þá breytast og í

*FA*

*PP* *AHÓ*  
*NB*

staðinn fyrir fast skipulag verður það skilgreint skipulag sem ekki hefur sömu merkingu hvað þessa mönnun varðar.

**6. Samningar BÁ og HMS um kennslu**

BÁ og HMS hafa gert samning um kennslu varðandi eldvarnaeftirlitsmenn og í vinnslu er samningur til eins árs um nám hlutastarfandi slökkviliðsmanna á landsvísu. Stjórn vill hrósa starfsmönnum fyrir þessa góðu vinnu.

**7. Samningur milli BÁ og LV**

Pétur kynnti samning milli BÁ og Landsvirkjunar. Samstarfið gengur vel.

**8. Samstarfssamningar við nágrannaslökkvilið**

Pétur kynnti samninga við nágrannaslökkvilið um gagnkvæma aðstoð og aðstoð vegna mengunaróhappa.

**9. Brunavarnaáætlun**

Pétur sagði frá því að vinna við brunavarnaáætlun er í fullum gangi. Vinna þarf í framkvæmdaáætlun brunavarnaáætlunar og huga að tíðni endurnýjunar bíla og búnaðar.

**10. Minnisblað frá KPMG vegna launamála**

Eyþór kynnti minnisblað frá KPMG vegna launamála. Stjórn veitir formanni umboð til að ganga frá málínu í samræmi við minnisblaðið.

**11. Önnur mál**

- Eyþór sagði frá starfsmatsviðtali vegna starfs slökkviliðsstjóra. Uppfærð starfslýsing slökkviliðsstjóra kynnt stjórn

Fleira ekki gert.  
Fundí slitið kl. 10:05

The image shows five handwritten signatures in blue ink. From left to right: 1) 'Eyþór Pálsson' in a cursive script; 2) 'Þingaleið' in a bold, blocky font; 3) 'Hauðunn Hönefoss' in a cursive script; 4) 'Ólafur Ólafsson' in a cursive script; 5) 'Þóra Þórhildur Þórhildur' in a cursive script; 6) 'Úlfur Ólafsson' in a cursive script. The signatures are written on a plain white background.